



# Umsögn um skýrslu starfshóps um aðlögun elstu barna leikskóla í ágústfrístund og grunnskóla

Búið til	24.3.2023 10:45:36
Höfundur	Eygló Traustadóttir
Móttekið dags.	23.3.2023 21:16:38
Tilheyrir	SFS22030077 - Starfshópur um aðlögun elstu barna leikskóla í sumarfrístund og grunnskóla

## Efni

Umsögn um skýrslu starfshóps um aðlögun elstu barna leikskóla í ágústfrístund og grunnskóla

### Upplýsingar

### Vinnsla

Móttekið dags.	23.3.2023 21:16:38	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	05.09 Leikskólar		
Lykilorð	starfshópar, leikskólamál, grunnskólar		

### Þátttakendur

Frá	Sigurður Sigurjónsson (sigurdur@ki.is)
Til	eyglo.traustadottir@reykjavik.is, Gudrun.Gunnarsdottir5@rvkskolar.is
Cc	Gudrun.Jona.Thorarensen@rvkskolar.is

## Innihald

Umsögn vegna tillagna starfshóps um aðlögun elstu barna leikskóla í ágústfrístund og grunnskóla

Félag stjórnenda leikskóla

Félag stjórnenda leikskóla fagnar þeirri hugmynd að skýr skil verði á skólagöngu leikskólabarna.

Jafnframt viljum við mótmæla þeirri áætlun að starfsmenn leikskóla taki þátt í verkefninu eins og gert er ráð fyrir í tillögunum.

Það að senda starfsfólk leikskóla í slík verkefni er ekki að laga viðvarandi skort á starfsfólki, erfiðleikar við ráðningar og starfsmannaveltu sem hefur verið um 23 – 27% síðustu ár.. Ef þessi hugmynd er sett fram til að auðvelda og flýta aðlögun nýrra barna þá þurfa leikskólar á öllu sinu starfsfólki að halda við þá framkvæmd.

Við setjum fram athugasemdir við eftirfarandi texta í skýrslunni, fullmikil staðhæfing án rannsókna: „veldur þetta oft ákveðinni vanlíðan þennan tíma fram að skólagöngu.“ mörg börn elska að koma aftur og vilja ekki fara í grunnskólann. Einnig má nota hugtakið „grunnskólagöngu“ því það er erfitt að skilja hugtakið „skólagöngu“ þegar talað er um leikskóla og grunnskóla í sömu setningu.

„Ákveðinn biðtími hefur oft skapast hjá börnum sem koma til baka í leikskóla eftir sumarleyfi og eru á leið í grunnskóla og frístundaheimili. Sum börn koma til baka eftir sumarleyfi en mögulega ekki félagar þeirra og veldur þetta oft ákveðinni vanlíðan þennan tíma fram að skólagöngu. Með því að bjóða elstu börnunum að byrja á frístundaheimili í byrjun ágúst fær hópurinn strax áhugaverð verkefni að fást við í hópi jafnaldra.“ Bls. 17.

Fyrir hönd FSL

Sigurður Sigurjónsson

Formaður FSL

Með kveðju,



Sigurður Sigurjónsson  
1  
[sigurdur@ki.is](mailto:sigurdur@ki.is)

[Skilmálar | Disclaimer](#)

Formaður Félags stjórnenda leikskóla  
Kennarasamband Íslands  
595 1111 / [www.ki.is](http://www.ki.is)